

LÖG

um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Kröfur til endurgreiðslu barnsmeðlaga og sérstakra framlaga skv. 15. gr. barnalaga, nr. 20/1992, sem greidd eru fyrir milligöngu opinberra aðila og endurgreiða ber að lögum, fyrnast á tíu árum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Páll Pétursson.

Nr. 63

19. maí 2000

LÖG

um hópuppsagnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi gilda um hópuppsagnir atvinnurekanda á starfsmönnum af ástæðum sem ekki tengjast hverjum einstökum þeirra þegar fjöldi starfsmanna sem sagt er upp á 30 daga tímabili er:

- a. að minnsta kosti 10 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa fleiri en 20 og færri en 100 starfsmenn í vinnu,
- b. að minnsta kosti 10% starfsmanna í fyrirtækjum sem venjulega hafa hið minnsta 100 starfsmenn en færri en 300 starfsmenn í vinnu,
- c. að minnsta kosti 30 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa 300 starfsmenn eða fleiri í vinnu.

Við útreikning á fjölda þeirra sem sagt er upp skv. 1. mgr. skal litið á uppsögn ráðningarsamnings einstakra starfsmanna sem jafngilda hópuppsögnum að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða.